

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 4. janúar 2021
UST202003-100/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Mýrdalshrepps

Þann 29. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Mýrdalshrepps. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Útistandandi eru frávik er fram komu við eftirlit 2019 og varða:

1. **Gr. 5.3 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Engar skráningar lágu fyrir við eftirlit.
2. **Gr. 2.4 í starfsleyfi.** Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Viðbragðsáætlun var ekki tiltæk við eftirlit.
3. **Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður, bæði svæðin girt af með girðingum sem hindra aðgang og ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokað nema þegar starfsemi fer fram. Hlið norðan þjóðvegur var opið og engin starfsemi í gangi.

Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun þann 22. nóvember 2019 en við eftirlit nú var staðfest að úrbætur vegna framangreindra frávika höfðu ekki verið gerðar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir uppfærðri tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. janúar 2021.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir

Halla Einarsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands